

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sendandi: Umboðsmaður skuldara

Reykjavík, 30. apríl 2024

Efni: Umsögn um 935. mál (Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, ábyrgðarmenn og námsstyrkir)

Umboðsmaður skuldara fagnar frumvarpinu en embættið hefur um langt skeið bent á þá mismunun sem var gerð við gildistöku laga um Menntasjóð námsmanna, þar sem ábyrgðir á námslánum teknum í tíð eldri laga féllu niður við gildistöku hjá lánþegum sem voru í skilum við sjóðinn. Eftir stóð hópur ábyrgðarmanna á námslánum þar sem lánin voru ekki í skilum við sjóðinn, hvort sem vanskilin voru lítil eða ekki. Að mati embættisins voru það mistök að fella ekki niður ábyrgðarmannakerfið að öllu leyti við gildistöku laga um Menntasjóð.

Það er því mikið ánægjuefni að frumvarp sem felur í sér að ábyrgðarmannakerfi námslána sé fellt úr gildi að fullu, hafi verið lagt fram. Er rakið í greinargerð með frumvarpinu að eftir breytinguna sé í engum tilvikum kallað eftir því að lánþegar afli ábyrgða hjá þriðja aðila og þær ábyrgðir sem til staðar eru samkvæmt eldri og gildandi lögum falli niður. Embættið vill benda á að orðalag í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins stemmir ekki við framangreint markmið að fella úr gildi allar ábyrgðarskuldbindingar. Nánar tiltekið segir eftirfarandi: „Gildir þetta ákvæði **ekki** gagnvart lánnum sem voru í vanskilum við gildistöku gildandi laga, en hefur síðar verið komið í skil...“. Það þarf að vera alveg ljóst að hafi lán, sem var í vanskilum við gildistöku laga um Menntasjóð námsmanna, **verið komið í skil**, ber engu að síður að fella niður ábyrgðarskuldbindinguna.

Í greinargerð er rakið að í gildandi lögum komi ábyrgðir vegna nýrra lána einungis til hjá lánþegum sem teljast ekki tryggir lánþegar. Líta má svo á að 1. gr. frumvarpsins sé bundin við niðurfellingu þeirra ábyrgðarskuldbindinga sem settar voru í upphafi lántöku. Embættið vill vekja athygli á fleiri tilvikum þar sem Menntasjóður námsmanna hefur krafist sjálfskuldarábyrgðar en gæta þarf þess að ábyrgðarskuldbindingar verði felldar niður í öllum tilvikum. Samkvæmt lánareglum sjóðsins, hefur lánþegi sem hefur fengið ofgreitt námslán, val um að staðgreiða ofgreiðsluna eða samþykkja endurgreiðsluskuldabréf. Ef hann velur hið síðarnefnda, ber lántaka að útvega sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skuldinni. Athuga þarf því ábyrgðarskuldbindingar á slíkum skuldabréfum.

Þá hefur það jafnframt verið við lýði að lántakar sem lenda í vanskilum og fá útgefið vanskilaskuldabréf vegna uppgreiðslu vanskila, hafa þurft að útvega ábyrgðarmann á slíkt skuldabréf. Embættið vill vekja sérstaka athygli á stöðu þeirra einstaklinga sem hafa ekki geta fullnægt þeirri kröfu að útvega ábyrgðarmenn á vanskilaskuldabréf og vanskil hafa í kjölfarið hrannast upp. Huga þarf að því hvernig ber að mæta einstaklingum í slíkri stöðu með sanngjörnum hætti, með tilliti til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar sem hefur lagst ofan á kröfurnar.

Embættið vonast til að allar innheimtuaðgerðir gagnvart ábyrgðarmönnum verði stöðvaðar í ljósi þess að þetta frumvarp hefur verið lagt fram. Þá vill embættið benda á mikilvægi þess að hugað verði að íþyngjandi áhrifum skráninga á vanskilaskrá, sem hafa farið fram vegna innheimtuaðgerða gagnvart ábyrgðarmönnum.



Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara